

UM SNJÓ Í SKÓGARRJÓÐRUM.

Umsögn um skýrslu M. Seppänen:

"Snötäcket i skogsgläntor av olika storlek."

Í Finnlandi og öðrum löndum, þar sem skógar klæðir mikinn hluta landsins, er mjög mikilvægt að vita eitt hvað um, hvaða áhrif skógurinn hefur á snjómagnið, þ.e.a.s., hvar stærstu skaflarnir myndast og hvernig snjóbraðun gengur fyrir sig. Vatnafræðingar hér á Íslandi þurfa ekki að glíma við þau vatnafræðilegur viðfangsefni, sem skógar veldur, en engu að síður þurfa þeir að fylgjast með, hverju fram vindur erlendis í þessum efnum sem öðrum. Hér ætla ég að segja í stuttu málí frá rannsóknunum, sem M. Seppänen hefur gert á snjó í misstórum skogarrjóðrum og greina frá helztu niðurstöðum þeirra.

Fyrst er rétt að greina frá helztu niðurstöðum fyrri rannsókna á þessu sviði.

a) Yfirleitt safnast meiri snjór saman í skogarrjóðrum en á bersvæði. Pfeiffer (1935) hefur sýnt fram a, að í roki myndast stormsveipir við rjóðrin. Þessir stormsveipir, sem feykja snjó niður í rjóðrin, eru taldir vera aðalorsökin fyrir þeim mikla snjó, sem þar er að finna.

b) Í byrjun vetrar (og jafnvel um miðjan vetur) skeður oft að hlýir vindar orsaka snjóbráð (hlýviðiskaflar).

Skógurinn einangrar að nokkru kalda loftið, sem er fyrir á staðnum, og hlýja loftið er því lengur að ryðja sér til rúms inni í skóginum og í skogarrjóðrum en á bersvæði. Þannig braðnar meiri snjor á bersvæði en í skogarrjóðrum, þegar hlýviðiskaflar ganga yfir.

c) Snjómagn er ólikt í misstórum skogarrjóðrum.  
Hér má benda á eftirfarandi skýringar:

1) Stormsveipirnir, sem sagt er frá í a), eru mismiklir eftir stærð rjóðursins.

2) Í byrjun hlýviðiskafla helzt kalda loftið lengur kyrrt í litlum skogarrjóðrum. Í þeim stóru nær hlýi vindurinn fyrr að blása því burt.

3) Í litlu skogarrjóðri fellir vindurinn hlutfallslega meiri snjó (miðað við flatarmál rjóðursins) niður úr greinum trjánnna umhverfis rjóðrið.

d) Á vorin braðnar snjórinn hægar í skogarrjóðrum en á bersvæði, m.a. vegna þess að á sólríkum dögum streymir kalt loft frá skóginum og kælir skogarrjóðrin.

e) Snjórinn braðnar mishratt í misstórum skogarrjóðrum. Orsakirnar eru aðallega tvær:

1) Á sólríkum dögum streymir hlutfallslega meira kalt loft frá skóginum út í litlu rjóðrin en þau stóru: 2) Skuggar trjáanna umhverfis rjóðrin ná yfir því stærri hluta af flatarmál rjóðursins því minna sem rjóðrið er.

f) Menn hafa tekið eftir, að á vorin er snjór lengst að finna í skogarrjóðrum, sem eru umþað bil jafnstórv að þvermáli og hæð skogarins í kring.

Rannsóknir M. Seppänen voru gerðar í þeim tilgangi að afla nánari vitnesku um snjómagn og snjóbraðun í skogarrjóðrum miðað við bersvæði.

Rannsóknirnar eru grunndvallaðar á niðurstöðum snjómælinga finnsku vatnafræðistofnunarinnar, sem gerðar voru á árunum 1952-62.

Stofnunin hafði á þessum árum um 100 snjómælingastöðvar, sem mældu á línu 16. dag hvers mánaðar að vetrí til. Mælilínurnar náðu yfir bersvæði, misstórá skógarrjóður, skóg og kjarrlendi. Lengd línumnar var venjulega um 4 km., og á henni var snjódýptin mæld í 80 og eðlisþyngdin í 8 mælipunktum með nokkurn veginn jöfnu millibili. Þegar mælipunktur lenti í skögarrjóðri, mat mælingamaðurinn stærð rjóðursins.

SNJÓMAGNIÐ: Í Finnlandi er veðurfar mun stöðugra en við eignum að venjast hér á Íslandi. Þyðviðriskaflar að vetrí til eru ekki eins tíðir og áhrifaríkir. Hvert snjólagið hleðst ofan á annað fyrri hluta vetrar. Snjómagnið helzt svo nokkurn veginn óbreytt yfir háveturinn, og lítið þiðnað af snjófyrri en með vorinu. Í Lapplandi er hinn árvissi vetrarsnjór um það bil mánudí fyrri á ferðinni en í suður Finnlandi. Vatnsgildi snjómagnsins nær hámarki sínu í Lapplandi í apríl, í suður Finnlandi í marz. Á árunum 1952 - 62 hafði allt landið fengið hinn stöðuga vetrarsnjó fyrir 16. janúar og hyergi hafði snjór þiðnað að neinu ráði fyrir 16. febrúar. Vegna þessa hefur M. Seppänen tekið saman niðurstöður allra snjómælinga, sem gerðar voru 16. jan. og 16. feb. 1952 - 62 og unnið úr þeim þær tölur, sem tafla I sýnir.

Tafla I: Meðaltöl af snjódýpt (h), eðlisþyngd (e) og vatnsgildi (w) í misstórum skögarrjóðrum, 16. jan. og 16. feb. 1952 - 1962 gefið upp í prósentum af samsvarandi stærðum á bersvæði ( $h = 47 + 7 \text{ cm}$ ,  $e = 0,20 + 0.01 \text{ g/cm}^3$  og  $w = 95 + 17 \text{ mm}$ ). d er þvermál skögarrjóðursins í metrum.

d (m)	10	15	20	30	40	60	80	100
h (%)	107 $\pm$ 3	112 $\pm$ 4	110 $\pm$ 3	110 $\pm$ 3	112 $\pm$ 4	111 $\pm$ 4	108 $\pm$ 3	105 $\pm$ 3
e (%)	97 $\pm$ 2	97 $\pm$ 2	97 $\pm$ 1	97 $\pm$ 1	98 $\pm$ 1	98 $\pm$ 1	98 $\pm$ 2	99 $\pm$ 1
w (%)	104 $\pm$ 2	109 $\pm$ 4	108 $\pm$ 3	107 $\pm$ 3	109 $\pm$ 3	108 $\pm$ 2	106 $\pm$ 3	104 $\pm$ 2

Taflan sýnir að snjódýptin og vatnsgildið var stærra og eðlisþyngdin minni en á bersvæði. Taflan sýnir einnig að snjódýptin og vatnsgildið var stærst að meðaltali í skögarrjóðrum með þvermál 15 m og 40 m. M. Seppänen segir að þessa niðurstöðu megi ef til vill skýra þannig: Stærsta gildið fyrir skögarrjóður með 15 m. þvermál orsakast af þeim snjó, sem vindur fellir niður frá greinum trjáanna umhverfis rjóðrið, en stærsta gildið fyrir skögarrjóður með 40 m. þvermál geigi rót sína að rekja til stormsveipanna.

SNJÓBRÁÐNUNIN: Snjórinn er lengur að bráðna í skógar-  
rjóðrum en á bersvæði. Hlutfallið milli snjómagnsins  
í skógarrjóðrum og á bersvæði stækkar því eftir því  
sem lengra líður á vorið, og vex upp í það óendanlega,  
þegar allur snjór er þiðnaður á bersvæði.  
M. Seppänen velur úr snjómælingum finnsku vatnafræði-  
stofnunarinnar 16. marz og 16. apr. 1952 - 62 þær  
niðurstöður, sem tilheyra þeim mælistöðvum þar sem  
vatnsgildi snjómagnsins á bersvæði náði hámarki sínú  
um miðjan marz. Hann finnur síðan vatnsgildi snjó-  
magnsins í skógarrjóðrunum (w) sem prósenttölu af  
samsvarandi stærð á bersvæði með hjálpi eftirfarandi  
formúli:

$$W = \frac{k_1 \cdot \Delta Wa + k_2}{(d+10) \cdot (100 - \Delta Wa)} + 100 = \frac{1370 \cdot \Delta Wa + 65700}{(d+10) \cdot (100 - \Delta Wa)} + 100$$

Þar sem  $k_1$  og  $k_2$  eru útreiknaðar fastastærðir,  $\Delta W$  er rýrnun á vatnsgildi snjómagnsins á bersvæði fra 16. mars til 16. apr. og  $d$  er þvermál skógarrjóðursins. Tafla II inniheldur nokkur reiknuð gildi fyrir  $W$ .

Tafla II: Vatnsgildi snjómagnsins (w) í misstórum skógarrjóðrum 16. apríl árin 1952 - 62 sem prósentina af tilsvarandi gildi á bersvæði.

Stærsta vatnsgildi snjómagnsins á bersvæði yfir veturinn mældist um miðjan marz ar hvert.

ΔWa er rýrnun á vatnsgildi snjómagnsins á bersvæði frá 16. marz til 16. apr. (í prósentum af stærsta vatnsgildinu um miðjan marz) og d er þvermál skógar-rjóðursins.

M.Seppänen bendir á að tafla II sýni m.a., að W verða hraðar upp í það óendanlega í litlum skógarrjóðrum en stórum.

Loks leggur M.Seppänen fram þriðju töfluna, sem sýnir vel, hversu snjórinn þiðnar örará á bersvæði en í skógarrjóðri.

Tafla III. Samtímis minnkun á vatnsgildi snjómagnsins í misstórum skógarrjóðrum ( $\Delta W$ ) og á bersvæði ( $\Delta Wa$ ). Minnkunin er reiknuð sem prosenttala af vatnagildinu á þeim tíma, þegar vatnsgildi snjómagnsins á bersvæði var stærst (um 15. marz). Það er þvermál skógarrjóðursins.

$\Delta Wa$ (%)	d =	20 m	40 m	60 m	80 m	100m	160 m
		$\Delta W$ (%)					
10		5	6	7	8	8	9
20		9	13	15	16	17	18
30		13	19	22	24	25	26
40		18	26	29	32	33	35
50		22	32	37	39	41	44
60		27	40	44	47	50	53
70		31	45	51	55	58	62
80		36	51	59	63	66	71
90		40	58	66	71	74	80
100		45	64	74	79	83	89

Af töflu III sézt m.a. að snjórinn þiðnar að meðaltali meir en helmingi hraðar á bersvæði en í skógarrjóðrum með 20 m þvermál.

M. Seppänen telur tölnarnar í töflu III sýna allvel samtímis minnkun á snjómagni í misstórum skógarrjóðum og á bersvæði.

Albert Valdimarsson (sign)